

6. fundur samstarfsnefndar Akrahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar

Haldinn þann 21. október í gegnum fjarfundarkerfið Zoom.

Fundinn sátu:

- Gísli Sigurðsson, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Hrefna Jóhannesdóttir, frá Akrahreppi
- Ingibjörg Huld Þórðardóttir, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Jóhanna Ey Harðardóttir, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Ragnhildur Jónsdóttir, frá Akrahreppi
- Sigfús Ingi Sigfússon, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Sigríður Sigurðardóttir, frá Akrahreppi
- Drífa Árnadóttir, frá Akrahreppi
- Ólafur Bjarni Haraldsson, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Róbert Ragnarsson, Freyja Sigurgeirsdóttir og Gunnar Úlfarsson frá RR ráðgjöf. Freyja ritaði fundargerð.

Eypór Einarsson boðaði forföll.

Gestir á fundinum voru Herdís Sæmundardóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs, Þorvaldur Gröndal frístundastjóri og forstöðumaður Húss frítímans og Sigfús Ólafur verkefnastjóri, atvinnu- og menningarmála.

Hrefna setti fundinn kl. 8.30.

1. Frístundir og menning

Sigfús Ólafur fór yfir stöðu menningarmála í Sveitarfélaginu Skagafirði og Hrefna fór yfir stöðu menningarmála í Akrahreppi. Þorvaldur og Herdís fóru yfir stöðu frístundarmála í Sveitarfélaginu Skagafirði.

Áskoranir og tækifæri í málaflokknum voru rædd og hvort einhverjar fyrirhugaðar breytingar gætu verið á starfinu ef sveitarfélögin sameinast.

2. Stjórnsýsla

Framhald af umræðu um framtíðarsýn stjórnskipulags í mögulega sameinuðu sveitarfélagi. RR kynnti drög að minnisblaði stjórnsýslu og fjármála. Mismunandi þáttökuleiðir til að auka þátttöku íbúa voru ræddar.

3. Íbúafundir

Auglýsing um íbúafundi nk. þriðjudag (26. október) er farin í loftið. Skipulag og framkvæmd fundanna rætt en þeir verða bæði á staðnum og sendir út rafrænt.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 9:54.